

## Lög foreldrafélags Lundarsels-Pálmholts

- 1.gr. Félagið heitir Foreldrafélag Lundarsels-Pálmholts.
2. gr. Allir foreldrar/forráðamenn barna í Lundarseli-Pálmholti eru boðnir velkomnir sem félagsmenn. Það er einnig opið fyrir starfsmenn.
- 3.gr. Tilgangur félagsins er að standa fyrir, skipuleggja og fjármagna ákveðna viðburði fyrir börn Lundarsels-Pálmholts þeim til ánægju og yndisauka. Einnig að styrkja jákvæð samskipti foreldra/ forráðamanna, barna og starfsmanna.
- 4.gr. Félagsmönnum er frjálst að koma með tillögur til stjórnar um fræðsluefni; upplýsingar er varða hina ýmsu þroskaþætti barna; eða annað.
5. gr. Stjórn félagsins skal skipuð 5-7 einstaklingum sem kosnir eru rafrænt eða á aðalfundi árlega fyrir 1. nóv ár hvert (foreldrum er velkomið að gefa sig fram). Stjórnin skiptir með sér verkum. Að minnsta kosti skulu tveir stjórnarmeðlimir sitja áfram í nýrri stjórn. Í stjórn skulu starfa foreldrar/forráðamenn úr báðum byggingum leikskólans.
6. gr. Fulltrúi starfsfólks skal jafnan sitja stjórnarfundi. Öflug samskipti við fulltrúa starfsmanna eru með tölvusamskiptum.
- 7.gr. Félagsgjöld skulu ákveðin rafrænt ár hvert. Þau skulu innheimt einu sinni á ári, í gegnum tölvupóst með upplýsingum um hvaða reikning er lagt inn á. Gjöldin eru óafturkræf.
- 8.gr. Lögum þessum má aðeins breyta með því að boða til aðalfundar, þar sem foreldrar Lundarsel barna kjósa um lagabreytingar og þá með einföldum meirihluta atkvæða.
9. gr. Foreldrafélagið sér um að útvega og greiða fyrir jólasveina á jólaballi hvert ár, og jafnvel kaupa gjöf.
- 10.gr. Foreldrafélagið sér um að kaupa birkiplöntur ár hvert til að afhenda börnum við útskriftarathöfn.

Lög samþykkt 1. nóvember 2021